

GJALDSKRÁ
fyrir vatnsgjald, notkunargjald, mælaleigu
og heimæðargjald í Vesturbyggð

1. gr.

Vatnsgjald.

Af öllum fasteignum í Vesturbyggð sem tengdar eru vatnsveitu Vesturbyggðar, ber að greiða vatnsgjald árlega til sveitarsjóðs, nema sérstaklega sé um annað samið.

2. gr.

Stofn til álagningar vatnsgjalds.

Stofn til álagningar vatnsgjalds skal vera 0,45% af fasteignamati íbúðarhúsa og lóða og 0,50% af fasteignamati allra annarra fasteigna og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 47/2000, með síðari breytingum.

3. gr.

Gjalddagar.

Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatta og greiðist vatnsgjaldið með fasteignasköttum.

4. gr.

Notkunargjald.

Notkunargjald (aukavatnsgjald) er 14,61 kr./m³ miðað við vísitölu byggingarkostnaðar 115,8 stig og breytist árlega og til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu.

5. gr.

Mælaleiga.

Greiðendur notkunargjalds skulu árlega greiða mælagjald vegna leigu á vatnsmælum sem hér segir:

<i>Stærð mælis</i>	<i>Mælaleiga á ári kr.</i>
að 20 mm	6.816
20-24 mm	9.035
25-31 mm	11.382
32-39 mm	13.611
40-49 mm	18.188
50-74 mm	54.682
75-99 mm	59.258
100 mm og stærri	63.834

Mælaleiga er miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 115,8 stig og breytist í byrjun hvers árs og til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu.

6. gr.

Heimæðargjald.

Greiðendur notkunargjalds skulu árlega greiða mælagjald vegna leigu á vatnsmælum sem hér segir:

<i>Utanmál</i>	<i>Inntaksgjald kr.</i>	<i>Yfirlengd kr.</i>
32 mm	244.632	5.234
40 mm	317.668	5.961
50 mm	428.425	6.697
63 mm	601.248	8.279

<i>Utanmál</i>	<i>Inntaksgjald kr.</i>	<i>Yfirlengd kr.</i>
75 mm	841.009	11.559
90 mm	1.017.506	18.257
100 mm	1.201.262	21.003
110 mm	1.402.386	28.042

Yfirlengd reiknast af heimtaug sem er lengri en 25 metrar í lóð viðkomandi mannvirkis. Heimæðar 110 mm og viðari greiðast samkvæmt reikningi. Heimæðargjald er miðað við vísitölu bygg- ingarkostnaðar 115,8 stig og breytist í byrjun hvers árs og til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu.

7. gr.

Ábyrgð á greiðslu gjalda.

Vatnsgjald og heimæðargjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Vatnsgjald og heimæðargjald nýtur aðfararheimildar skv. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitir sveitarfélaga, sbr. 10. tl. 1. mgr. laga um aðför nr. 90/1989, og má gera aðför í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Vatnsgjald og heimæðargjald nýtur lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Notkunargjald og leigugjald, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum, má taka fjárnámi.

8. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Vatnsveitu Vesturbyggðar, staðfestist hér með samkvæmt 10. gr. laga um vatnsveitir sveitarfélaga nr. 32/2004 til þess að öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 123 fyrir Vatnsveitu Vesturbyggðar frá 24. janúar 2012.

Vesturbyggð, 19. desember 2012.

Ásthildur Sturludóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 10. janúar 2013